

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Forritara framtíðarinnar, nr. 1107/2013.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Sjóðurinn er samfélagsverkefni sem hefur það hlutverk að efla og auka áhuga á forritunarkennslu og hagnýtingu á tækni í skólum landsins. Framtíðarsýn sjóðsins er aukin fræðsla og áhugi á meðal barna og unglinga á forritun og tækni.

7. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Hollvinir greiði fjárframlag í sjóðinn samkvæmt samningi sem gerður er milli hollvina og félagsins.

8. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Rétt til stjórnarsetu hafa hollvinir sjóðsins með gildan samning við félagið. Hollvinir geta valið einn aðila til stjórnarsetu utan hóps hollvina sé samstaða stjórnar um það.

Fjórir stjórnarmenn skulu kosnir af hollvinum úr hópi þeirra sem greitt hafa árlegt fjárframlag skv. samningi og einn óháður utan hollvina. Til að tryggja að reynsla af verkefninu haldist innan stjórnar skal kosið um tvö stjórnarsæti hollvina árlega til tveggja ára. Óháða fulltrúann skal einnig kjósa um árlega. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn, þó aldrei meira en sex ár í senn.

Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né annars konar þóknun úr sjóðnum fyrir stjórnarstörf sín.

Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum eftir því sem þurfa þykir. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Heimilt er að nota fjárfundabúnað eða sambærilegan fjarskiptabúnað til að halda stjórnarfundi. Halda skal verkefnaskrá yfir þau verkefni sem stjórnin ræðst í.

Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hans hönd. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé í réttu og góðu horfi.

Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Með „mikilvægri ákvörðun“ er átt við ákvörðun stjórnar um val á verkefnum til úthlutunar styrks og breytingar á úthlutunarreglum og skal þá stjórnin leitast við að fara eftir óskum stofnenda sjóðsins eins og unnt er.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

10. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Aðalfundur hollvina skal miðast við að vera haldinn fyrir lok september ár hvert og skulu þá eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins, rekstri þess og úthlutun styrkja á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur þarsíðasta árs lagður fram til samþykktar.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðenda.
5. Kosning um breytingar á skipulagsskrá.
6. Önnur mál.

Tilnefningar fyrir kosningar í stjórn og endurskoðendur félagsins þurfa að liggja fyrir hjá formanni stjórnar eigi síðar en fyrir upphaf aðalfundar.

Stjórnin boðar til fundar með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti til hollvina með að minnsta kosti 15 daga fyrirvara.

Óski hollvinir að bera upp önnur mál á aðalfundi ber að senda þau til allra hollvina með að minnsta kosti 7 daga fyrirvara.

13. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Sjóðurinn skal leitast við að veita styrki með eftirfarandi hætti, háð áherslum hvers úthlutunarárs: Menntun og þjálfun kennara og annars starfsfólks grunn- og framhaldsskóla í forritunar- og tæknikennslu.

Kaup á smátækjum sem nýtast við forritunar- og tæknikennslu.

Gerð opins námsefnis til notkunar í grunn- og framhaldsskólum til forritunar- og tæknikennslu.

Úthlutun tölvubúnaðar frá hollvinum sem nýtist við forritunar- og tæknikennslu í grunn- og framhaldsskólum.

18. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Til að sameina sjóðinn öðrum sjóðum eða leggja hann niður þarf samþykki meirihluta fundarmanna á aðalfundi. Leita skal samþykkis sýslumannsins á Norðurlandi vestra fyrir niðurlagningu eða sameiningu.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Forritara framtíðarinnar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 20. janúar 2022,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.